



Leiðarbók, skráningarferli í kennslu



Leiðarbók

Leiðarbók er skráningarferli í kennslu. Þegar ákvörðun er tekin um að nota slíkar bækur þarf að koma skýrt fram hvers vegna og hvernig á að nýta þær. Einnig er mögulegt að skrá leiðarbækur á blogg eða á annan hátt í tölvu.

Nemendur sem hafa vanist því að nota leiðarbækur í tungumálnámi hafa orðið betri í viðkomandi máli með því að nota þær markvisst. Leiðarbókin hjálpar til við skipulagningu og gefur yfirsýn, einnig yfir heimanámið.

Leiðarbók nemenda og möguleikar:

- Kennarinn öðlast innsýn í vinnu- og námsferli nemandans.
- Kennarinn áttar sig betur á hvar nemandinn er staddur í námsferlinu – sem innlegg í samtal við nemandann um áherslur og framtíðarmarkmið.
- Leiðarbókin gerir sýnilegt það sem var ákveðið á milli kennarans og nemandans eða á milli nemenda innbyrðis.
- Kennarinn gefur nemendum einstaklingsbundin viðbrögð við verkefnum sem unnin hafa verið.
- **Þó svo að vinna með leiðarbækur feli í sér fyrirnefndan ávinning þá geta komið upp vandamál.**
- Nemendum finnst leiðinlegt og einhæft að vinna með leiðarbækurnar, sérstaklega í upphafi.
- Nemendur eiga erfitt með að sjá tilganginn með leiðarbókunum og nenna ekki að taka þær alvarlega.
- Nemendum finnst erfitt að skrifa.
- Finnst að þeir hafi ekki tíma til þess.
- Nemendur finna til óöryggis gagnvart sjálfsmati.





- Þessi vandamál tengjast yfirleitt óöryggi kennarans í tengslum við notkun leiðarbókanna í kennslu.
- Kennarinn hefur ekki skilgreint fyrir sjálfum sér né nemendum hver tilgangurinn sé með leiðarbókinni.
- Kennarinn hefur ekki skilgreint fyrir sjálfum sér né nemendum hve mikið er ætlast til að sé skrifað.
- Kennaranum finnst oft að leiðarbækurnar taki of mikinn tíma frá sjálfri kennslunni.
- Kennaranum hefur ekki tekist að gera leiðarbókina að eign nemandans.
- Með því að gefa ákveðin fyrirmæli um hvað á að skrá í leiðarbókina er hægt að þjálfa nemendur í ákveðnum námsþáttum og vinnubrögðum.

Hér er dæmi um hvernig hægt væri að skipuleggja færslur í

leiðarbókina:

Innihald

- Mánaðarsíða.
- Skrá það sem gerðist í kennslustund.
- Mánaðardagur og dagsetning.
- Heimavinna unnin með öðrum, með hverjum og hvað.
- Tveggja mínútna samtali – við hvern og um hvað?
- Hugleiðingar um unnið verk.
- Heimavinna fyrir næstu kennslustund.

